

Priðjudaginn 7. júní 1994.

Nr. 187/1994.

Jósúa Magnússon

(Sigurður G. Guðjónsson hrl.)

gegn

Guðmundi Kristjánssyni

(sjálfur)

Kærumál. Úrskurður stjórnar Lögmannafélags Íslands. Málflutningsþóknun.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hjörtur Torfason og Pétur Kr. Hafstein og Ingibjörg Benediksdóttir, settur hæstaréttardómari.

Sóknaraðili hefur skotið málinu til Hæstaréttar með kæru 25. mars 1994, sem barst réttinum 27. apríl. Kærður er úrskurður stjórnar Lögmannafélags Íslands 16. mars 1994 samkvæmt heimild í 4. mgr. 8. gr. laga nr. 61/1942 um málflytjendur, sbr. 3. mgr. 4. tl. 161. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Krefst sóknaraðili þess, að úrskurðinum verði hrundið og breytt á þann veg, að þóknun sóknaraðila fyrir málflutningsstörf, er þar greinir, verði ákveðin 300.000 krónur. Hann gerir og kröfu um kærumálskostnað úr hendi varnaraðila.

Varnaraðili hefur einnig lagt fram kæru á úrskurðinum 15. apríl 1994 og krefst þess, að þóknun hans fyrir umrædd störf verði ákveðin eigi lægri en 800.000 krónur. Hann krefst einnig kærumálskostnaðar.

Hér fyrir dómi hefur sóknaraðili lagt áherslu á, að varnaraðili hafi tekið að sér hagsmunagæslu vegna allra álitamála, er upp kynnu að koma við skipti á búi sóknaraðila og fyrrum eiginkonu hans. Hafi varnaraðili þó látið hjá líða að fylgja eftir kröfu sóknaraðila um uppgjör frá fyrrum lögmanni þeirra hjóna umfram það, sem fyrir hafi legið frá hendi lögmannsins, og draga hana undir búskiptin að því leyti. Sóknaraðili hefur ekki sýnt fram á, að þetta málefni hafi varðað búskiptin með þeim hætti, að áhrif eigi að hafa á endurgjald varnaraðila fyrir þau málflutningsstörf, sem hinn kærði úrskurður tekur til. Með vísan til þessa og til forsendna úrskurðarins þykir rétt, að hann verði staðfestur.

Kærumálskostnaður fellur niður.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

Kærumálskostnaður fellur niður.

Úrskurður stjórnar Lögmannafélags Íslands 16. mars 1994.

Með bréfi, dags. 26. janúar 1993, fór Jósúa Magnússon (sóknaðili) þess á leit við stjórn LMFÍ að hún liðsinnti sér við að ná rétti sínum gagnvart Guðmundi Kristjánssyni hdl. (varnaraðila), sem að sögn sóknaraðila hefði gert verulegar kröfur á hendur sér í sambandi við aðstoð við sig sem lögfræðingur. Kallað var eftir greinargerð frá varnaraðila og er hún dagsett 12. febrúar 1993. Einnig var óskað eftir áliti gjaldskrárnefndar LMFÍ um þóknun varnaraðila, og er hún dagsett 17. maí 1993.

Málavextir.

Málavextir eru þeir að í júlí 1991 leitaði sóknaraðili til varnaraðila og bað um lögfræðilega aðstoð hans. Í umboði, sem sóknaraðili veitti varnaraðila, dags. 15. júlí 1991, kemur fram, að hann veitir varnaraðila „fullt og ótakmarkað umboð til þess að koma fram fyrir mína hönd við hjónaskilnaðarmál okkar Erlu Gunnarsdóttur . . .“ Í umboðinu kemur enn fremur fram, að það „ . . . nær til allra fyrirliggjandi álitarefna í máli þessu sem og til þeirra, sem upp kunna að koma. Það á einnig við varðandi eignaskipti á búi okkar, hvort sem um einka- eða opinber skipti er að ræða. // Umboð þetta tekur til allrar meðferðar málsins, utan réttar sem innan, þ.á m. til að mæta við fyrirtöku skilnaðarmálsins hjá valdsmanni og/eða greiðslu fjármuna eða afhendingar annarra verðmæta, og alls annars, sem lögmaðurinn telur nauðsynlegt að gera eðli málsins samkvæmt. . . .“

Varnaraðili flutti mál fyrir sóknaraðila í skiptarétti Reykjavíkur haustið 1991 í máli sem eiginkona sóknaraðila hafði höfðað á hendur honum, þar sem m.a. var krafist að skipti á búi aðila ættu að fara fram í samræmi við ákvæði 55. gr. laga nr. 60/1972, í tengslum við lögskilnað aðila þann 7. október 1991, en þann dag var gefið úr lögskilnaðarleyfi. Einnig var þess krafist að skiptaréttur skipti eignum búsins, eins og þær voru 28. júlí 1991, samkvæmt helmingaskiptareglu 18. gr. laga nr. 20/1923, þannig að hvort hjóna fengi í sinn hlut helming af hreinni hjúskapareign beggja hjónanna.

Varnaraðili f.h. sóknaraðila krafðist sýknu, m.a. á þeim grundvelli, að sóknaraðili og eiginkona hans hefðu slitið samvistir á árinu 1977. Hefðu eignaskipti í raun farið fram ekki löngu eftir samvistarslitin. Var flutt sérstakt skiptaréttarmál um ágreining aðila hvort skipta ætti búinu opinberum

skiptum. Komst skiptarétturinn að þeirri niðurstöðu að óumdeilt væri að hjónin hefðu ekki staðfest samning um skilnaðarkjör fyrir yfirvaldi, eins og kveðið var á um í 45. gr. laga nr. 60/1972, og að munnlegt samkomulag um eignaskipti gæti ekki verið skuldbindandi samningur fyrir aðila, nema það hefði verið staðfest fyrir yfirvaldi. Til þess að lögskilnaðarleyfi fengist hefði eiginkonan því þurft að vísa skiptum á búi málsaðila til skiptaréttar, og féllst því skiptarétturinn á þá kröfu eiginkonunnar að félagsbúi málsaðila yrði skipt opinberum skiptum.

Í framhaldi af þessari niðurstöðu var flutt annað mál, þar sem gerð var krafa af hálfu eiginkonunnar um helmingaskipti á búinu. Því mótmælti eiginmaðurinn og taldi það ósanngjarnt. Raunveruleg eignaskipting hefði átt sér stað við samvistarslitin árið 1977 og hefði eignastaða hans og efnahagur verið rýr eftir það fyrst um sinn, en honum hefði tekist með þrautseigu og dugnaði að rétta nokkuð úr kútnum. Vildi hann því ekki una því, að eiginkonan eignaðist hlutdeild í þessum eignum, sem sannanlega voru ekki til staðar við samvistarslitin. Fjárhagsleg samstaða þeirra hefði engin verið eftir þann tíma. Byggði hann sjónarmið sín m.a. á skáskiptareglu þeirri, sem felst í 57. gr. laga nr. 60/1972. Skiptaréttur komst að þeirri niðurstöðu að ekki væru efni til að beita 57. gr. laga nr. 60/1972, hvorki með rýmkandi lögskýringu né lögjöfnun, enda væri 57. gr. undantekningarregla frá aðalreglu, og því yrði að skýra hana þröngt. Því var fallist á kröfu eiginkonunnar um að eignum búsins, eins og þær voru 28. júlí 1991, yrði skipt helmingaskiptum. Þessum úrskurði var vísað til Hæstaréttar Íslands með kæru. Hæstiréttur staðfesti úrskurðinn með vísan til forsendna hans þann 7. október 1992.

Varnaraðili ritaði sóknaraðila bréf, dags. 7. janúar 1993, þar sem hann krafði hann um þóknun fyrir störf sín, en þau fólu í sér, auk málflutnings í ofangreindum málum, lögfræðilega aðstoð vegna hjónaskilnaðarbeiðni eiginkonunnar í borgardómi Reykjavíkur, meðferð opinberu skiptanna á búinu hjá skiptastjóra og athugun á þætti Inga R. Helgasonar í samvistarslitamáli þeirra hjóna og öðrum málefnum og bréfaskrif í því sambandi. Áskildi varnaraðili sér kr. 800.000 í þóknun auk virðisaukaskatts, ef greitt væri fyrir 20. janúar 1993. Gengi það ekki, áskildi varnaraðili sér allan rétt til að krefja sóknaraðila um verulega hærri þóknun. Þóknun sína miðaði varnaraðili við tímagjald að öðru leyti en því að þóknunin fyrir málflutninginn (3 mál) miðaðist við 1. gr. gjaldskrár LMFÍ.

Sóknaraðili ritaði varnaraðila bréf, dags. 19. janúar 1993, þar sem hann óskaði eftir sundurliðun og rökstuðningi á einstökum atriðum kröfunnar. Í svarbréfi varnaraðila kom fram að rétt um 200 klukkustundir lægju að baki

vinnu hans og að útlagður kostnaður vegna endurrita og réttargjalda væri um 40.000 krónur. Varnaraðili áréttaði, að kr. 800.000 væru lágmarkspóknun.

Í málinu liggur einnig fyrir bréf sóknaraðila til stjórnar LMFÍ, dags. 31. október 1993, þar sem hann gagnrýnir mjög tímaskýrslu varnaraðila og telur hana á engan veg geta staðist. Einnig liggur frammi bréf varnaraðila til stjórnarinnar, dags. 6. desember 1993.

Mál þetta var tekið fyrir alls 9 sinnum hjá stjórn LMFÍ, auk fyrirtöku þess í dag, og voru nokkrum sinnum reyndar sættir með aðilum, án árangurs. Munnlegur málflutningur fór fram þann 9. febrúar 1994 og að honum loknum var málið tekið til úrskurðar.

Kröfur og málsástæður.

Við munnlegan flutning ágreiningsmálsins fyrir stjórn LMFÍ gerði sóknaraðili þær kröfur, að þóknun varnaraðila miðaðist við 50 klst. vinnu-framlag á kr. 4.000 pr. klst. auk virðisaukaskatts eða að þóknun fyrir málflutningsstörfin teldist eðlileg kr. 200.000 og kr. 100.000 að auki, þannig að heildarþóknunin yrði kr. 300.000. Í málinu hafði komið fram, að varnaraðili hafði tekið við váttryggingarfé f.h. sóknaraðila, kr. 100.000, sem er sú fjárhæð, sem felst í kröfugerð sóknaraðila hér að framan.

Af hálfu varnaraðila var þess krafist, að stjórn LMFÍ úrskurðaði um, hver teldist sanngjörn þóknun fyrir málflutning, með tilliti til þeirra hagsmuna, sem fjallað hafði verið um í viðkomandi skiptaréttarmálum og fyrir Hæstarétti. Í því sambandi yrði miðað við hagsmuni skv. yfirliti á skjali, sem merkt er nr. 11. Vísaði varnaraðili í þessu sambandi til gjaldskrár LMFÍ frá september 1991. Varnaraðili krafðist þess þó að lágmarkspóknun skyldi vera kr. 800.000.

Hvorugur aðili gerði kröfu um málskostnað.

Sóknaraðili rökstuddi kröfu sína með því, að varnaraðili hefði ekki sinnt því máli, sem honum hefði í upphafi verið falið að annast, þ.e. að innheimta hjá Inga R. Helgasyni kröfu sóknaraðila á hendur honum vegna sölu á stálgrindarhúsi, sem Ingi R. Helgason seldi fyrir sóknaraðila seint á áttunda áratugnum. Varnaraðili hafi átt að sjá um það að andvirði stálgrindarhússins yrði tekið með við skipti á eignum þeirra hjóna og þá þannig, að það eða krafan á hendur Inga R. Helgasyni vegna þess yrði talið til eigna konunnar. Taldi sóknaraðili varnaraðila alls ekki hafa sinnt þessu hlutverki sínu. Þá taldi sóknaraðili hagsmunagæsluna ekki hafa verið kr. 18 milljónir, heldur 5 milljónir, sem varnaraðili hefði tapað fyrir sig í skiptarétti.

Fram kom, að sóknaraðili hafði ekki leitað til lögmanns frá samvistarslit-

um þar til hann leitaði til varnaraðila vegna skilnaðarmálsins, en það var eftir að lögmaður eiginkonunnar tilkynnti sóknaraðila um að krafa væri komin fram um lögskilnað. Þá kom enn fremur fram hjá sóknaraðila, að ekkert var rætt um þóknun varnaraðila fyrir fram, en sóknaraðili kvaðst hafa talið, að kostnaðurinn gæti numið 200–300 þúsund krónum. Sóknaraðili kvað varnaraðila hafa samið texta umboðsins. Þá kvað hann varnaraðila hafa átt að sjá, að málið væri tapað, eftir fyrra skiptaréttarmálið.

Varnaraðili rökstuddi kröfu sína með því að vísa til 1. gr. gjaldskrár LMFÍ, þar sem gert væri ráð fyrir að málflutningsþóknun í munnlega fluttum málum skyldi vera með tilteknum hætti, þ.e., að reikna skyldi þóknunina út frá fjárhagslegum hagsmunum í málinu, stefnukröfu og dráttarvöxtum. Hann tók þó sérstaklega fram, að hann krefðist ekki þrefaldrar þóknunar vegna flutnings þriggja mála, en gerði kröfu um hæfilega þóknun, að lágmarki kr. 800.000. Hann tók einnig fram að tímagjald skrifstofu sinnar væri kr. 5.000–5.500. Varnaraðili benti á, að fram hefði komið hjá sóknaraðila, að hann væri fús til að framselja kröfu sína, kr. 464.000, á hendur Páli G. Jónssyni (eða Inga R. Helgasyni) með dráttarvöxtum frá árinu 1990 til varnaraðila. Þar með hefði sóknaraðili viðurkennt að hann væri reiðubúinn að greiða kr. 300.000 auk kr. 464.000 með vöxtum eða yfir eina milljón króna í þóknun til varnaraðila. Varnaraðili nefndi einnig að þeir sóknaraðili hefðu verið sammála um að kæra seinni úrskurð skiptaréttar til Hæstaréttar og að þá hefði ekki verið rætt um kostnað af málinu. Hann benti einnig á, að hæstaréttarmálið hefði verið flutt munnlega að beiðni Hæstaréttar og að fimm dómarar hefðu skipað dóminn. Varnaraðili taldi sitt hlutverk hafa verið að verjast helmingaskiptum á búinu að kröfu sóknaraðila. Þess vegna hefði málið farið fyrir skiptarétt.

Niðurstaða.

Í máli þessu er verulegur ágreiningur um áskilda þóknun varnaraðila fyrir störf hans í þágu sóknaraðila. Snýst mál þetta og úrskurður um þá þætti í störfum varnaraðila, er lúta að flutningi þriggja mála, tveimur fyrir skiptarétti Reykjavíkur og einu fyrir Hæstarétti Íslands. Ekki er fjallað um þóknun fyrir önnur störf varnaraðila.

Ágreiningurinn í máli þessu er margþættur. Sem dæmi má nefna að aðila greinir á um hvaða verk það var sem sóknaraðili fól varnaraðila að annast. Telur sóknaraðili að hann hafi falið varnaraðila aðallega að innheimta kröfu hjá Inga R. Helgasyni eða a.m.k. að draga þá kröfu undir búskiptin sem eign eiginkonunnar. Varnaraðili hefur hins vegar lagt fram umboð til sín frá sóknaraðila, þar sem fram kemur að honum var falið að koma fram

fyrir hönd sóknaraðila í skilnaðarmáli, eins og rakið er í upphafi málavaxta-lýsingar hér að framan. Að mati stjórnar LMFÍ hefur sóknaraðila ekki tek-ist að sanna með fullnægjandi hætti að varnaraðila hafi verið falið aðallega að innheimta kröfuna á hendur Inga R. Helgasyni, enda bendir umboðið eindregið til þess að meginhlutverk varnaraðila hafi verið að gæta hags-muna sóknaraðila í skilnaðarmálinu.

Þá greinir aðila einnig á um tímaskýrslu varnaraðila. Varnaraðili kveður um 43 klukkustundir hafa farið í undirbúning og málflutning í fyrra skipta-réttarmálinu, um 60 klst. í seinna skiptaréttarmálinu og um 38 klst. í kær-u-málinu til Hæstaréttar Íslands. Byggir hann niðurstöðu sína á skráningu á verkefnaspjöldum vegna málanna. Sóknaraðili gagnrýnir tímaskráningu varnaraðila og telur að hlutir þeir, sem þar er greint frá, hljóti að vera „að meira eða minna leyti byggðir á „minni“, óminni eða ágiskunum“ eins og fram kemur í bréfi hans til stjórnar LMFÍ frá 31. október 1993. Þá nefnir sóknaraðili í bréfinu dæmi um það, sem hann telur vera ranga tímaskrán-ingu varnaraðila. Við fyrirtekt málsins hjá stjórn LMFÍ þann 17. nóvember 1993 dró sóknaraðili þessa fullyrðingu til baka.

Eins og fyrr greinir gerði sóknaraðili kröfu um að þóknun varnaraðila yrði miðuð við 50 klst. vinnuframlag auk þess sem varnaraðili héldi 100.000 króna tryggingabótum, sem hann hafði innheimt fyrir sóknaraðila. Varnar-aðili rökstuddi hins vegar kröfu sína með því að vísa til gjaldskrár LMFÍ og krafðist að úrskurðað yrði um hæfilegt endurgjald fyrir málflutningsstörfin, að lágmarki kr. 800.000.

Heimild til stjórnar LMFÍ til að kveða upp úrskurði í ágreiningsmálum sem þessu er að finna í 1. mgr. 8. gr. laga nr. 61/1942 um málflytjendur. Í 2. mgr. 2. gr. sömu laga er kveðið á um rétt lögmanna til að áskilja sér hæfi-legt endurgjald fyrir störf sín, þar á meðal hluta af fjárhæð máls og herra endurgjald ef mál vinnst en ef það tapast.

Eins og áður er komið fram var ekkert rætt um þóknun varnaraðila við upphaf starfs hans í þágu sóknaraðila, hvorki um fjárhæð né grundvöll þóknunarinnar. Stjórn LMFÍ hefur í slíkum tilvikum talið að að jafnaði beri að hafa hliðsjón af gjaldskrá félagsins þegar málflutningsþóknunin er ákveðin. Fleiri atriði geta þó einnig haft áhrif á niðurstöðuna.

Við niðurstöðu ágreiningsmáls þessa telur stjórn LMFÍ að líta beri til eftirtalinna atriða:

Varnaraðili flutti þrjú mál fyrir sóknaraðila og var niðurstaða þeirra allra sóknaraðila í óhag.

Þau tvö mál, sem varnaraðili flutti í skiptarétti, voru í eðli sínu nátengd. Undirbúningsvinna varnaraðila nýttist honum að verulegu leyti í öllum málunum.

Í seinna skiptaréttarmálinu snerist ágreiningurinn um það, hvort búi hjónanna skyldi skipt skv. helmingaskiptareglu hjúskaparlaganna eða skv. svokallaðri skáskiptareglu með lögjöfnun eða rýmkaði lögskýringu frá tilteknu heimildarákvæði sömu laga. Fjárhagslegu hagsmunirnir voru því mismunur á helmingi heildareignanna, þ.e. 13 milljónum króna, og óákveðinni fjárhæð, sem dómariinn hefði talið eiga við, ef hann hefði talið heimilt að beita skáskiptareglunni.

Með vísan til framangreinds og til bréfs varnaraðila til sóknaraðila, dags. 7. janúar 1993, áætlaðs vinnuframlags lögmannsins, gjaldskrár LMFÍ og með tilliti til niðurstöðu dómsmálanna telur stjórn LMFÍ, að hæfileg sam-
anlögð þóknun varnaraðila fyrir málflutning í skiptaréttarmálunum nr. 26/1991 og nr. 7/1992 og í hæstaréttarmálinu nr. 354/1992 sé kr. 550.000. Er þá ekki reiknað með útlögðum kostnaði og virðisaukaskatti.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Hæfileg þóknun varnaraðila, Guðmundar Kristjánssonar hdl., fyrir málflutning í skiptaréttarmálunum nr. 26/1991 og nr. 7/1992 og í hæstaréttarmálinu nr. 354/1992 telst vera kr. 550.000. Er þá ekki reiknað með útlögðum kostnaði og virðisaukaskatti.
